

**REGLUGERÐ  
um breytingu á reglugerð nr. 849, 1999 um innflutning á sjávarafurðum, með síðari  
breytingum.**

1. gr.

Á eftir 33. gr. reglugerðarinnar kemur nýr kafli svohljóðandi:  
*Ákvæði um varnir gegn innflutningi á ólögmætum sjávarafurðum.*

33. gr. a)

Innflytjandi skal tryggja að öllum sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands og afla allra erlendra skipa sem landað er á Íslandi fylgi veiðivottorð fánaríkis, í samræmi við kröfur Evrópusambandsins, ef fyrirhugað er að flytja aflann áfram inn á markað þess. Í veiðivottorði, sem staðfest er af lögbærum yfirvöldum fánaríkis veiðiskips, skal koma fram að afli skipsins hafi verið veiddur í samræmi við lög og reglur viðkomandi ríkis og í samræmi við alþjóðasamninga.

Innflutnum afurðum og afla skal ávallt haldið aðskildum frá afurðum og afla íslenskra skipa hvort sem er við flutning, geymslu, vinnslu eða útflutning.

33. gr. b)

Þegar innfluttar sjávarafurðir eru unnar á Íslandi skal útflytjandi við endurútflutning þeirra inn á markað Evrópusambandsins gæta þess að þeim fylgi veiðivottorð staðfest af fánaríki sbr. 33. gr. a), eða afriti þess ef einungis er um að ræða hluta aflans sem getið er á veiðivottorðinu. Þá skal vinnsluleyfishafi gefa út yfirlýsing, sbr. viðauka G við reglugerð þessa, þar sem fram kemur lýsing á vörunni, og staðfesting þess að viðkomandi afurð sé unninn úr afla samkvæmt meðfylgjandi veiðivottorði.

Fiskistofa staðfestir yfirlýsingu vinnsluleyfishafa, að höfðu samráði Matvælastofnun. Til þess að staðreyna að upplýsingar í vottorði skv. viðauka G séu réttar skal Matvælastofnun hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum hjá vinnsluleyfishafa.

33. gr. c)

Ef innfluttar sjávarafurðir eru ekki unnar á Íslandi, heldur einungis geymdar í tollvörugeymslu, er nægjanlegt við endurútflutning þeirra inn á markað Evrópusambandsins að þeim fylgi veiðivottorð staðfest af fánaríki, sbr. 33. gr. a) auk skjalfestrar staðfestingar á því að afurðin hafi hlotið neina meðferð á Íslandi aðra en löndun, umskipun eða hverja þá meðferð sem nauðsynleg má teljast til að varðveita vöruna.

2. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi Viðauki G:

#### IV. VIÐAUKI

Yfirlýsing skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. .../2008 frá 29. september 2008 um að koma á fót kerfi innan bandalagsins til að fyrirbyggja, hindra og uppræta, ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar.

Ég staðfesti að eftirfarandi unnar fiskafurðir: ... (vörulýsing og númer skv. sameinuðu tollnafnaskránni) voru fengnar úr afla sem fluttur var inn með eftirfarandi aflavottorði/aflavottorðum:

Númer aflavottorðs	Nafn/nöfn og fáni/fánar skips/skipa	Staðfestingardagur/dagar	Lýsing afla	Heildarlöndunarþyngd (kg)	Unninn afli (kg)	Unnin fiskafurð (kg)

Nafn og heimilisfang vinnslustöðvar:

.....  
.....  
.....

Nafn og heimilisfang útflytjanda (ef annar en vinnslustöð):

.....  
.....  
.....

Samþykksrnúmer vinnslustöðvar:

.....

Númer og dagsetning heilbrigðisvottorðs:

.....

Ábyrgðamaður vinnslustöðvar:	Undirskrift:	Dagsetning:	Staður:
------------------------------	--------------	-------------	---------

Staðfesting lögbærs stjórnvalds:

.....

Embættismaður:	Undirskrift og stimpill:	Dagsetning:	Staður
----------------	--------------------------	-------------	--------

3. gr.

1. mgr. 36. gr. verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, 19. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og 9. gr. laga 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, 19. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og 9. gr. laga 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 22. desember 2009.*

F.h.r.

*Steinar Ingi Matthíasson*  
Steinar Ingi Matthíasson.

*Kristján Freyr Helgason*  
Kristján Freyr Helgason.